

Á ferð og flugi til Noregs



Bergen í Noregi.

Ferð skógræktarfólks til Noregs, þann 3.–9. september árið 2009, var öðrum þæði afmælisferð, því 60 ár eru liðin frá því að skiptiferðir á milli landanna hófust, en þeim var fyrst komið á fyrir tilstilli fyrrverandi sendiherra Noregs á Íslandi Torgeirs Anderssens-Ryss og Hákonar Bjarnasonar. Nokkrum þessara skiptiferða hefur verið lýst í Skógræktarritinu. Þeirri fyrstu í ritinu árið 1949 og þeirri síðustu árið 2000, en hún var farin það sama ár til Salten í Norður-Noregi.

Ferðina sem nú var farin skipulagði heimamaðurinn Johan Holst, framkvæmdastjóri Skógræktarfélags Eyfirðinga og Ferðaskrifstofan Trex. Þátttakendur voru 33 og komu víða af landinu.

Við undirbúning ferðarinn var haft í huga að kynnast því sem skógrækt í Noregi hefur fram að færa.

Höfundar Brynjólfur Jónsson, Böðvar Jónsson og Johan Holst

Fyrsti dagur:

Grasagarðurinn og trjásafnið í Milde

Lagt var af stað að morgni dags og stefnan tekin á Bergen, en á þessu herrans ári 2008 ári hafa Flugleiðir verið með beinar áætlanafærðir og var þetta síðasta ferð ársins. Eftir um tveggja tíma flug var lent í Bergen og þar mætti okkur blíðviðri, sem var einstök heppni, því rignt hafði í einar tvær vikur nær stanslaust. Þegar út úr flugstöðinni kom, sem óhætt er að segja að sé hæfilega lítil, þá beið okkar rúta og bílstjóri, hvorutveggja ættað úr Hallingdal. Það átti eftir að koma í ljós að Óskar bílstjóri var greinilega ýmsu vanur á þeim þröngu stigum sem við áttum eftir þræða næstu daga.

Við höfðum mælt okkur mót við leiðsögumann í trjásafninu upp úr kl. 13 en við vorum nokkuð tímánlega, þannig að ákveðið var að fá sér snarl í „Bónus“ þeirra staðarmanna sem REMA 1000 nefnist. Hrukku þá margir Íslendingar við þegar svimandi hátt verðlagið var umreiknað í íslenska mynt. Það sem eftir lifði ferðar var stöðugt verið að setja heimsmet í verðlagi og m.a. sígilt umræðuefni að morgni, hvað bjórglasið hefði kostað á þessum og hinum barnum.

En hvað um það. Eftir nokkuð stuttan stans og bita var haldið í grasagarðinn og trjásafnið sem reyndist nokkuð snúið að finna í fyrstu en tókst um síðir. Þar tóku á móti hópnum Björn Mo grasafræðingur og Alf Helge Söland deildarstjóri, ásamt Arnstein Orlund skógræðingi, sem reyndist gamall bekkjarbróðir Sigurðar Blöndals fyrrverandi skógræktarstjóra og bað hann fyrir kærar kveðjur yfir hafið.

Þessir ágætu menn leiddu okkur í allan sannleikann um þá fjölbreyttu starfsemi og þann mikla fjölbreytileika jurta og plantna sem þarna er að finna. Segja má að við höfum kannski fengið nokkurn smjörþef af herlegheitunum, en hópurinn hefði hæglega getað verið næsta degi þarna og kannski tveim dögum betur og stöðugt kynnst einhverju nýju. Það er því sannarlega hægt að mæla með því, fyrir þá sem leið eiga þarna um, að heimsækja plöntu- og trjásafnið í Milde.

Síðdegis, þegar klukkan var langt gengin í sex, voru þeir félagar kvaddir og haldið inn í hinn forna höfuðstað Bergen, þar sem hópurinn gisti í hjarta bæjarins á Hótel Neptun og var gengið snemma til náða það kvöld.

Annar dagur:

Skógræktarfélagið í Bergen

Snemma var risið úr rekkju og sólar skíma í heiði. Lagt var upp frá hótelinu og gengið þar sem leið lá meðfram höfninni að snarbrattri fjallshlíð sem rís norður af miðbænum. Þar var farið í kláf (kallaður Flåmbanen-Fløyen) sem liðaðist áfram á teinum upp snarbratta hlíðina. Þarna uppi er fagurt útsýni yfir bæinn og út fjörðinn og á haf út. Þar efst uppi má á góðum degi sjá til olíuborpalla í Norðursjó. Eftir nokkurn stans gerði vart við sig snaggaralegur þunnhærður maður, en þar var kominn framkvæmdastjóri Skóg- og trjáræktarfélagsins í Bergen, Jörgen Frönsdal, en í fylgd með honum var Kjetil André Rödland, sem vinnur hjá fylkisskógræktinni Hörðalandi og fylgdi hann okkur daginn eftir í Voss sem tilheyrir einnig hans umdæmi. Saga félagsins og útivistarsvæðisins (sem þeir kalla Byfjellsbogen) er samtvinnuð. Fyrir rúmlega 140 árum, þegar félagið var stofnað, var vart tré að sjá á svæðinu. Meginástæða þess hljómar kunnuglega í eyrum okkar Íslendinga; beit og ósjálfbær nýting, öld eftir öld. Megintilgangur félagsins var að koma upp skógi sem þekur nú yfir 600 ha. Útivistarsvæðið (Byfjellsbogen) er langvinsælasta útivistarsvæði Bergen og hingað koma gestir allt árið. Það sem vakti sérstaklega athygli var að skógurinn og svæðið er miðpunktur heimsóknarlendra ferðamanna. Til Bergen koma yfir 200



Kortið sýnir í meginatriðum þá leið sem hópurinn fór um Noreg. Kort: Ragnhildur Freysteinsdóttir



Við „Blúnduhúsið“ í grasagarðinum í Milde. Björn Mo segir frá starfseminni og Johan snarar á íslensku.

Grasagarður og trjásafnið í Milde

Milde er um 23 km sunnan við Bergen og nær yfir um 50 ha en þar er að finna yfir 5000 plöntutegundir víðs vegar að úr heiminum. Meginmarkmiðið er að vinna að rannsóknum, kennslu og fræðslu jafnframt því sem aflað er reynslu á ræktun tegunda við norskar aðstæður. Þá er svæðið einnig vinsælt útivistarsvæði og rekið sérstaklega með það í huga. Grasagarðurinn og trjásafnið er rekið sem sjálfstætt rekstrarfélag fyrir tilstilli opinberra stofnana, ríkis, sýslu og sveitarfélaga. Garðinum og trjásafninu er skipt upp í nokkur svið þar sem m.a. hefur nýlega verið opnaður „Japansgarður“ og þá þykir „Rhododendron“ – Dísarunna hluti garðsins vera einn sá áhugaverðasti í Norður-Evrópu og þekktur fyrir tegundafjölbreytni. Þá er í garðinum rekið kaffihús af sjálfboðaliðum, „Blúnduhúsið“, þar sem einnig er að finna fundaraðstöðu. Garðurinn er opinn allt árið og þar starfa yfir 20 manns.



Einstaklega fallegar næfur á birkikirsuberjatré (Prunus serrula) ættuðu frá Kína.



Haustlyng (Erica tetralix L.) í ótal litaafbrigðum enda afar vinsælt til skreytinga í Evrópu. Vex hér á landi á örfáum stöðum sem slæðingur.

stór farþegaskip árlega og er farið með farþegana upp í skóginn á Flöyen og gengið um skóginn og umhverfis „Skomarkerdiket“, litla tjörn sem samsvavar u.þ.b. fjórðungi af flatarmáli Tjarnarinnar í Reykjavík. Þetta mun vera hápunktur í heimsókn margra erlendra gesta. Þessar upplýsingar vöktu okkur umfram annað til umhugsunar. Hvað er það sem vekur helst áhuga erlendra ferðamanna? Hér er það alla vega skógur og lítil tjörn. Annað sem vakti athygli okkar var afskaplega vel skipulagt og fullkomið stígakerfi. Allir meginstígar voru malbikaðir eða lagðir með mjög varanlegu efni sem gott var að ganga á. Rétt er að hafa í huga að hér rignir afskaplega mikið og víða er snarbratt, þannig að hér dugar ekkert hálfkák, enda fara hér um hundruðir þúsunda gesta árlega. Eftir frísklega göngu, sem Jörgen Frönsdal leiddi með hæfilegri dvöl á áhuga-verðum stöðum, var hópurinn kominn efst upp á fjallið, þar sem beið herleg veisla með smurbrauði og Hansa pilsner. Hér hafa gömul timburhús verið varðveitt og nýtt sem bænistöðvar fyrir starfsmenn og hluti húsnæðisins leigt út til viðburða og funda-

halda. Þegar allir voru orðnir mettir og skógræktarkórinn hafði sungið nokkur snjöll lög og þar með þakkað fyrir sig, þá seig hópurinn af stað niður af fjallinu, með viðkomu í sögunarmyllunni, þar sem allt timbur, sem fellur til í skógum svæðisins, er sagað og nýtt en annað selt á markað. Þá eru einnig



Hugað að rósum.



Jörgen Frønsdal segir frá starfsemi skógræktarfélagsins í Bergen. Í bakgrunni má sjá vinsælustu perlu útivistarsvæðisins „Skomagerdiket“.

starfræktir tveir leikskólar fyrir börn á svæðinu. Það er góður vitnisburður um það hve Norðmenn leggja mikla rækt við það að tengja skólastarf og uppeldi við skóg og útiveru í náttúru landsins. Þetta er úti-leikskóli, þar sem börnin leika sér alfarið í skógin-

Skóg og trjáræktarfélagið í Bergen

– Útivistarsvæðið

Félagið var stofnað árið 1868 í þeim tilgangi að vinna að ræktun skóga við Bergen, afla plantna og landssvæða. Land fékkst og hófst í kjölfarið girðingarvinna og friðun landsins um leið og hafin var stígagerð frá bænum og upp á fjallið Fløien

Útivistarsvæðið telur nú um 600 ha og þar hefur verið lagt mjög öflugt stígakerfi um svæðið. Talið er að a.m.k. ein milljón heimsókn séu á svæðið árlega. Stundað er hefðbundið skógarhögg á svæðinu og eru að meðaltali höggurnir um 2000 m³ og 70% af því selt á markað. Mikil áhersla er lögð á það að virkja klúbba og félagsstarfsemi sem tengist verkefnum félagsins, enda hækkar félagatalan. Fastráðnir starfsmenn eru fimm en á annatímum er lausráðnum fjölgað. Stuðningur Bergenbæjar við félagið nemur um 27 milljónum ísl. kr. á ári



Engin hætta á að týnast í skóginum. Merkingar til fyrirmyndar.



Góðir hvíldarstaðir eru gulli betri.

um utandyra og reynslan sýnir að börnin, sem sækja þennan leikskóla, eru nánast aldrei veik.

Af trjategundum má nefna það að hér hefur verið ræktað mikið af sitkagreni sem reynst hefur hvað best tegunda á þessu svæði og sýnir einstaklega mikinn vöxt. Þá er töluvert af skógarfuru efst á fjallinu en í suðurhlíðunum, sem snúa móti bænum, er mikill laufskógur og er beyki mest áberandi, en þar er einnig fjöldi annarra tegunda, s.s. hlyns, asks og linditjrjáa.

Hópurinn var kominn niður á jafnsléttu um kl. 15.30 og Norðmönnum þokkuð afar fróðlega leiðsögn. Fyrirhugað var að leggja af stað um kl. 18, áleiðis til Voss og því höfðu menn nokkurn tíma til þess að spranga um miðbæinn, en þar er töluvert líf og stór fiskimarkaður, þar sem hægt var að fá að smakka marinerað hrefnukjöt og margt annað sjávarkyrns.

Svo var brunað af stað inn í landið í gegnum ótal jarðgöng og áfram hélst blíðan. Áfangastaðurinn var Voss, sem er þekkt landbúnaðarsvæði með töluverðu undirlendi, en það er oftast fremur takmarkað við firðina hér vestra. Náttstaðurinn var svo Hótel Fleischers, gamalt timburhótel sem hefur fengið að halda gömlum sjarma. Þetta var ein af örfáum byggingum í Voss sem ekki voru sprengdar í loft upp þegar Þjóðverjar hernámu landið í seinni heimstyrjöldinni.

Þriðji dagur:

Skógarbændur og gömul hús í Harðangursfirði

Árla morguns var stigið úr rekkju og gengið til morgunverðar, þar sem ekkert var til sparað. Þar var þá mættur bjartur maður yfirlitum sem talaði Sognamál. Var það Olav Taskjelle, sem hefur um margra ára skeið verið í fyrirsvari fyrir skógareigendur í Vestur-Noregi, Íslandsvinur og margt fleira sem hér er of langt upp að telja. Eitt verður engu að síður að koma fram. Johan Holst, vor ágæti fararstjóri, hafði fyrirfram haft miklar áhyggjur af því að erfitt væri að skilja manninn og viðurkenndi að hann ætti oft í mesta basli með það. Það fór þó þannig að flestir skildu Olav betur en aðra Norðmenn sem við hittum í ferðinni. Mörg orð á Sognamáli eru nær þau sömu og viðhöfð eru á íslensku og von að gutti austan úr Noregi bæri kvíðboga í brjósti. En hvað um það, Olav talaði ekki bara Sognamál. Hann hafði frá unga aldri lesið Íslendingasögur og Konungasögur Noregs og áður en hann var læs hafði amma hans lesið reglulega upp úr Heimskringlu fyrir strákinn.

Þessi dagur var því afar áhugaverður, ekki bara vegna þess að hér er að finna rætur Harðangursfirðlunnar, heldur fræddi Olav okkur um allt á milli himins og jarðar og sagði m.a. sögur frá hernáminu, rakti jarðfræði Vestur-Noregs og þjóðlegan fróðleik fyrr og nú og kynni af Íslendingum og verkefni sem



Bekkir eru merktir með ljóðum eða flegum tilvitnunum.



Eftir tveggja tíma gönguferð upp fjallið tók við herleg veisla.

hann hafði tekið að sér, en það var að afla viðs í Auðunarstofu að Hólum í Hjaltadal.

Fyrsti viðkomustaðurinn okkar var Granvin, þar sem við heimsóttum skógareigendur í samnefndu sveitarfélagi. Við þetta tækifæri var opnaður nýr skógarvegur, en í þeirri athöfn tók þátt oddviti sveitarfélagsins, Jan Ivar Rödland. Olav Haugse skógar-eigandi í Granvin hafði orð fyrir nokkrum þeirra bænda sem tekið hafa sig saman um gerð vegarins og leiddi okkur í sannleikann um gildi skógarins. Hér hafa bændur lagt hart að sér til þess að auka enn frekar nýtingarmöguleikana skóganna, um leið og tekið er tillit til náttúrverndarsjónarmiða, svo sem vegna fuglalífs. Komið hefur verið upp skíðaaðstöðu sem er mikið nýtt og þá er mikið ræktað hér af jólatrjá. Hin hefðbundna áhersla hér um slóðir hefur hins vegar verið á því að rækta sitkagreni sem selst eins og heitar lummur beint á Þýskalandsmarkað.



Sitkagrenið er tegund sem þrífst hvað best. Hér getur að líta, að talið er, stærsta tré Noregs, gróðursett árið 1900. Árið 2007 mældist það 45,9 m á hæð og 25 m³.

Eftir þessa ágætu morgunæfingu í snarbröttum hlíðum var okkur boðið á sveitabæ, hvar hjón höfðu gert upp gamla hlöðu, þar sem boðið var upp á ágætis kjötsúpu, ásamt kaffi og skúffuköku. Eftir hádegi var síðan ekið um þrönga stigu út með Granvinfirðinum, einum af innfjörðum Harðangurs og þegar komið var út í Kvanndal var tekin ferja yfir til Utne og ekið þaðan sem leið lá inn Suðurfjörð að gamalli sveitabyrpingu, Aga, sem samanstendur af mjög fornum byggingum sem varðveittar hafa verið. Hér er helsta ávaxtarækt í Noregi og m.a. ræktuð epli, plómur, jarðaber o.fl. Meðalhiti er hár yfir sumarið og hver blettur nýttur í bröttum hlíðunum. Annar búskapur virðist nánast ekki vera stundaður að neinu marki.

Agatunet samanstendur af um 30 friðlýstum byggingum og er meginþorri bygginganna frá því um miðja 19. öld en elsta byggingin, lögmannsstofan, er talin vera frá því um 1250. Á þeim tíma réði hér



Skógarnir í Granvin eru víðfeðmir.

ríkjum Sigurður Brynjólfsson lögmaður, valdamikill embættismaður Eiríks Magnússonar konungs, elsta sonar Magnúsar lagabætis.

Eftir góðan yfirlestur heimamanna og kaffi og vöfflur með rjóma, var haldið heim á leið til Voss, þar sem gist var aðra nótt í góðu yfirlæti.

Fjórði dagur:

Yfir fjöll og firði

Nú er að geta þess að breytingar urðu á ferðaáætlun okkar vegna skriðufalla. Það hafði rignt í tvær vikur stanslaust, áður en við komum með góða veðrið og daginn áður en við komum hafði fallið stór aurskriða á Evrópuvegin E18 í Aurlandsfirði, þannig að við urðum af þessum sökum að taka krók á leið okkar. En þessi dagur var að mestu ætlaður til aksturs yfir Jötunheima. Að venju var lagt snemma af stað og stoppað víða á leiðinni. Ekið var framhjá fossum og í fyrstu var E19 veginum fylgt en síðan sveit í átt að Vikafjalli og ekið upp fyrir skógarmörk og upp á endalaus heiði, en að lokum hallaði undan fæti og við blasti fallett þorp í Sognfirði; Viköri. Þar var gerður stuttur stans til þess að mynda Hopperstad stafakirkjuna. Við hlið kirkjunnar vex afar fallett blóðbeyki. Síðan var haldið sem leið lá út

fyrir Vangsnes og inn að litlum ferjubæ sem heitir Feios og þaðan yfir Sognfjörð yfir að Hermansverk. Þar rétt utar í firðinum er Leikanger og í nágrenni við kirkjuna og kirkjugarðinn er m.a. að finna eina stærstu eik í Noregi og risafuru, valhnetutré og fagra hlyni. Ekki var að sökum að spyrja. Þegar heimamenn sáu að hér voru Íslendingar á ferð, þá kom ekki annað til mála en drífa þá sem í kirkjuna komu í messukaffi og kruðerí. Presturinn, Egon Askvik, sýndi það og sannaði að hjálpfýsi Norðmanna er viðbrugðið, sem sýndi sig m.a. þegar hann sendi myndavél sem gleymdist á kirkjubekk, til eigandans í Mosfellsbæ. Eftir þessa ágætu viðkynningu af Leikanger var haldið inn með Lustra-firðinum hægt og bítandi. Eftir stuttan stans var aftur lagt í hann og hátignarlegt var að klífa upp snarbratta, mjóa og hlykkjóttu vegina sem liggja upp á fjöllin í Jötunheimum. Samhliða hækkuninni breyttist gróðurfarið og minnti meira og meira á gróðurfarið heima á Íslandi, eftir því sem ofar dró. Trjágróðurinn hvarf tiltölulega fljótt og við tók lávaxinn víðir og síðan lyng og mosi sem uxu á milli jökulsorfinna klappa.

Vegurinn yfir heiðina fer hæst þegar ekið er á milli jöklanna Fannaraken, Storbreen og Galdhöppingen og nær vegurinn þar líklega í 1500 m h.y.s. á með-



Oddvitinn í Granvin og starfsmaður Vestskog Jan Ivar Rødland og Olav Haugse skógareigandi eru ánægðir eftir að nýr skógarvegur var tekinn í notkun. „Vegurinn markar leiðina“ stendur á granitbjarginu.

an jökultindarnir mælast í 2400–2500 m h.y.s.. Það fór ekki framhjá okkur, þegar við fórum yfir hæsta punktinn. Við höfðum greinilega farið yfir vatna-skil. Jökulárnar, sem enn voru sakleysislegar, voru skyndilega farnar að renna til suðausturs eða í sömu stefnu og við okum. Gerður var stuttur stans í skíðabænum Lom (Kannski hefur hér orðið brottfall og ætti að heita Flom) sem er neðst í Uttadalnum. Hér þurfti bílstjórinn okkar, hann Óskar, að hvílast í 45 mínútur samkvæmt akstursreglunum. Farþegarnir voru fegnir því að fá að rétta úr sér og gera sig klára fyrir lokaáfangann. Eftir að við lögðum af stað aftur, þá fór fljótlega að rökkva. Farþegarnir voru farnir að lýjast og svengd farin að gera vart við sig. Hópurinn hlakkaði til þess að komast í mat. Honum varð að ósk sinni þegar komið var á Rica Hotel skammt utan við Hamar upp úr kl. 21, eftir 12 tíma akstur frá Voss.

Fimmti dagur: Skógarsafnið og fræbankinn

Deginum eftir rútudaginn langa vörðum við í Heiðmerkurfylki sem er 30.000 km² að flatarmáli, eða sem nemur um þriðjung af flatarmáli Íslands. Heiðmörk hefur í gegnum tíðina verið öflugasta timburframleiðslufylki Noregs en þaðan hafa um 25% timburframleiðslunnar komið. Á síðustu 30 árum hafa orðið breytingar í trjáfellingum. Í stað þess að fara inn í skóginn og velja tré til fellingar og draga þau síðan út, þá tíðkast nú svokallaðar rjóðurfell-



Rjóður þar sem skógur hefur verið höggvinn en þeir vaxa vel í Vestur-Noregi. Séð niður að Granvinvatni. Fyrir miðri mynd má sjá Olav Taskjelle með bakpoka.



Ræktun eplatrjáanna er stunduð á þröngu belti neðst í snarbröttum hlíðum Suðurfjarðar.

ingar, þar sem ákveðið svæði er tekið fyrir og öll tré felld, endurgróðursett eða náttúrleg endurnýjun látin vinna sitt verk. Þessi aðferð skógarhöggs hefur bætt aðstæður elgsins vegna þess að mikið af ljóselskum tegundum skjóta upp kollinum, birki, elri, ösp og reynir. Elgurinn þrífst vel á ungplöntum sem vaxa upp í rjóðrunum. Nú er svo komið að bændur í Heiðmörk hafa meiri tekjur af sölu veiðileyfa en af sölu timburs. Þegar ekið er áleiðis til Elverum er furan hvað mest áberandi, enda er hér víða að finna kjörlendi hennar, sendinn og ófrjósaman jarðveg.

Áfangastaður okkar var skógarminjasafnið í Elverum. Áður fyrr lagði safnið mesta áherslu á að kynna skógarhogg, vinnslu skógarafurða og þau tól og tæki sem tilheyrðu þeirri starfsemi. Nú hefur meiri áhersla verið lögð á dýralífið í skóginum, fjölbreytni veiðidýra, fugla og fiska sem og rándýra. Mikilvægi veiðimennskunnar fyrir skógareigendur varð augljóst, þegar okkur var sagt að árlega væru felldir 37.000 elgir. Til samanburðar má benda á það að 1200–1500 hreindýr eru felld árlega á Íslandi.

Í ferð á þessum slóðum ætti enginn að láta skógar-



Hoppestad stafakirkjan og stórt blóðbeyki.



Vegleg hengibjörk við kirkjugarðinn í Lom.

Fræsetrið á Hamri

Norska fræsetrið var stofnað árið 1895 í þeim tilgangi að verka fræ úr skógunum og afla þess fyrir gróðrarstöðvar. Nú er Fræsetrið á Hamri rekið sem sjálfseignarstofnun og er að stærstum hluta í eigu Norska skógræktarfélagsins. Viðtæk starfssemi fer fram á vegum fræsetursins á Hamri. Þar má nefna;

fræsöfnun,
inn- og útflutning á fræi,
fræverkun og hreinsun,
fræmedhöndlun,
fræprófanir,
trjákyrbætur,
frostþolstilraunir á skógarplöntum,
opinberar upplýsingar um fræ- og
skógarplöntuframleiðslu,
útgáfu leyfa vegna sölu, inn- og útflutnings
af trjáfræi og skógarplöntum.
Auk þess er rétt að vekja athygli á sérstöku
íslensku vefsvæði á vef fræsetursins.

Skógarminjasafnið í Elverum

Norska skógarminjasafnið var stofnað árið 1954 og hefur upp frá því vaxið og dafnað en jafnframt tekið miklum breytingum. Nú er ekki síður lögð áhersla á það að sýna og kynna í safninu allar tegundir sportveiði, þróun í iðnaði og hönnun á vörum, jafnframt því að kynna gamla atvinnuhætti, verkfæri og aðbúnað fyrri tíma. Þá er hægt að sjá í safninu alla þekktu ferskvatnsfiska í Noregi. Staðið er fyrir ýmiss konar þematengdu efni, m.a. haldnar hundasýningar. Starfrækt er bókasafn og þar er að finna um 25.000 titla, auk þess sem rekin er gjafavöruverslun og veitingarstaður. Yfir 110.000 gestir heimsækja safnið árlega, m.a. skólar og vinnustaðahópar, auk erlendra sem innlendra ferðamanna. Við safnið starfa að staðaldri um 30 manns.

safnið fram hjá sér fara. Ytra umhverfi safnsins hefur verið hannað og fegrað af miklum haglek og mikið hefur verið lagt í leiksvæði fyrir börn. Hin vatnsmikla á, Glomma, rennur framhjá safninu á leið til sjávar, vatnsmikil, kraftmikil og ýfð af flúðum.

Frá skógarsafninu var haldið í fræbankann. Fánar þjóðanna höfðu verið dregnir að húni okkur til heiðurs og forstöðumaðurinn, Öyvind Meland Edvardsen, tók á móti okkur úti á hlaði (bílastæði) að gömlum og góðum norrænum sið og bauð hópinn velkominn á íslensku. Hann hafði ágætis vald á málinu eftir að hafa unnið á Íslandi um nokkurra ára skeið, auk þess að vera giftur íslenskri konu.

Öyvind sýndi okkur fyrst rannsóknarstofuna, þar sem fræ fara í gegnum spírunarpróf og spírunarprósentan er metin. Hún þarf helst að ná 97% svo viðunandi sé. Hefðbundið spírunarprófið tekur 21 dag, við aðstæður þar sem líkt er eftir dagsveiflum, bæði hvað varðar hita og birtu. Þessar þrjár vikur sem fara í spírunarprófið eru of langur tími fyrir skógarhöggsmenn sem hringja og segjast vera að byrja á fellingum og hvort þeir megi byrja að týna köngla fyrir bankann. Það gengur ekki fyrir starfsmenn fræbankans að segja: „Sendið okkur sýnishorn, við látum ykkur vita eftir þrjár vikur“. Fræbankinn hefur því kom sér upp röntgentækni sem býður upp á það að meta fræástandið strax, t.d. hvort fræið sé tóm, hvort það innihaldi eðlilegan næringarforða og kím. Ef röntgenskoðun kemur vel út er gefið grænt ljós á



Við fræverkunarsetrið í Hamri var tekið á móti hópnum með kostum og kynjum.

tínslu, en reynslan hefur sýnt að góð röntgenskoðun gefur fyrirheit um ásættanlega spírunarprósentu.

Spírunarprósentan er mikilvæg, því það er kostnaðarsamt fyrir gróðrarstöðvar að leggja vinnu í sáningu á fræi með lágri spírunarprósentu, þar sem aðeins hluti kemur upp. Fræumbúðirnar eru því merktar með spírunarprósuntunni, þannig að gróðrarstöðvarnar vita að hverju þær ganga.

Okkur voru síðan sýndar fræhreinsivélarnar sem eru stærðarinnar fyrirbrigði og ganga niður í gegnum þrjár hæðir í húsinu. Efst á vélunum er stór trekt sem tekur 2 rúmmetra af könglum. Úr trektinni skammtast könglarnir niður í gataða tromlu sem snýst í hæfilega heitu umhverfi. Við þessar aðstæður opnast könglarnir, fræin losna og falla síðan út um götin á tromlunni og fara niður rennu, en við enda hennar safnast fræin síðan í bréfpoka á jarðhæðinni. Í þeim umbúðum bíða fræin frekari vinnslu, sem fel-

ur í sér rykhreinsun og það að vængir eru brotnir af vængjuðum hnetum. Þetta er gert í litlum steypuhrærivélum með tilheyrandi ryksugubúnaði. Hreinsunin er mikilvæg, því hvers kyns óhreinindi, ryk og alls kyns korn geta valdið truflun í sáningarvélum gróðrarstöðvanna. Eftir endanlega þurrkun eru hreinsuðu fræin síðan geymd í sérstökum blikkílátum í kældum kjallara fræbankans (-12°C). Okkur var sagt frá ýmsum sértækum atriðum, t.d. hvernig hægt er að auka spírunarprósentuna ef hún fer að dofna o.fl.

Fræverkunarstöðin er sú eina í Noregi og var byggð af miklum myndarskap á 6. áratug síðustu aldar, þegar gróðursetning var margfalt meiri en nú er. Hún getur afkastað meiru en þær fjórar fræstöðvar sem er að finna í Svíþjóð gera til samans.

Deginum lauk síðan með því að skoðaðar voru rústir miðaldakirkju í nágrenni fræbankans.



Æskan í Noregi er alin upp við það að þekkja skóginn og kynnist jafnframt starfi og gömlum hefðum. Norska skógræktarfélagið stendur árlega fyrir slíkum viðburðum.

Sjötti dagur:

Osló og ferðalok

Daginn eftir héldum við til Oslóar og ókum að Sognsvatni í jaðri borgarinnar. Þar kynntumst við skógarhátíð Norska skógræktarfélagsins sem einu sinni á ári gefur börnum 5. bekkjar grunnskóla kost á að kynnast skóginum og því sem þar fer fram, s.s. gróðursetningu, skógarhöggi, flettingu stofna í smíðavið og að lokum smíði úr borðum og tálgun

greina. Þarna var fríður hópur grunnskólabarna og mikið um að vera. Framkvæmdastjóri Det Norske Skogselskap, Trygve Enger, tók á móti okkur og sagði okkur frá megináherslum félagsins á síðustu árum. Miklar breytingar hafa t.d. orðið í rekstri aðildarfélaganna sem mörg hver ráku gróðrarstöðvar. Nú hefur rekstri flestra gróðrarstöðvanna verið hætt og verulega hefur dregið úr gróðursetningu í Vestur- og Norður-Noregi. Skógræktarfélagið hefur á



Þrír norskir kappar í skóginum. Frá hægri; Trygve Enger framkvæmdastjóri, Tore Molteberg ráðgjafi og svo fararstjórinn frá Íslandi.

Norska skógræktarfélagið

Félagið er frjáls félagasamtök sem stofnuð voru árið 1898 en þá höfðu Norðmenn ákveðið að grípa til varna gegn skógareyðingu. Slagorðið var „Klæðum fjallið“. Fjöldi félagsmanna er nú um 11.000 í 19 héraðsskógræktarfélögum. Núverandi áherslur í starfseminni eru m.a. þær að auka skilning í samfélaginu á;

skógrækt sem sjálfbærri framleiðsluauðlind, þjónustuhlutverki skógarins í náttúru landsins, skóginum sem hluta af sögu og menningu, mikilvægi skógarins fyrir útivist og lýðheilsu landsmanna.

Félagið vinnur að því að miðla upplýsingum um strauma og stefnur er varða skógrækt, jafnframt því að auka þekkingu á skóg- og náttúrvísindum. Þá vinnur félagið að útgáfumálum, viðburðum og stundar ráðgjöf um skógrækt, plöntuuppeldi og er auk þess aðalhluthafi í Norska fræbankanum sem er sjálfseignarstofnun.

síðustu árum unnið að því að auka almannatengsl og auka skilning á mikilvægi skóga. Félagið hefur einnig lagt áherslu á mikilvægi skóga og aðgerða til þess að sporna við loftslagsbreytingum.

Eftir að við yfirgáfum upprennandi skógarmenn Noregs var haldið upp að hinum fræga Holmenkollen skíðastökkpalli. Búið er að rífa gamla, fræga stökkpallinn sem hafði verið notaður áratugum saman við góðan orðstír. Það var Svíaskratti (eins og Johan Holst fararstjóri orðaði það) sem eyðilagði þetta allt saman. Hann tók upp á því að stökkva á breiðum skíðum og í stað þess að hafa fæturna saman og skíðin beint fram, þá vísaði hann framhluta skíðanna út, svo minnir á vængi, eins og svo vel er þekkt í dag. Með þessu lagi stökk hann 20–30 metrum lengra en aðrir, lenti niðri á jafnsléttu og stórslasaði sig. Stökkstílnum var fyrst mótmælt en þegar hann var viðurkenndur, þá var ekkert annað að gera en að rífa pallinn og byggja nýjan. Sá nýi er enn í byggingu og er byggingarkostnaðurinn búinn að fara tífalt fram úr áætlun, þó pallurinn virðist, fyrir leikmann að sjá, varla meira en hálfbyggður. Eftir að hafa fengið okkur kaffi í Frognerseier skíðaskálanum, stórrí þjálfabyggingu sem minnti á skíðaskálann í Hveradölum eins og hann var fyrir

„Oslomarka“

Útivistarsvæðið, sem kallað er Oslomarka, umlykur höfuðborgina en þar koma einnig við sögu 19 aðliggjandi sveitarfélög. Um 70% landsins er í einkaeigu og eru þeir eigendur um 2000 talsins, en þar af á einn aðili, Lövenskiöld, um 25%. Þau 30% sem eftir standa eru í eigu sveitarfélaganna.

Oslomarka er útivistarsvæði einnar milljónar íbúa. Samkvæmt nýlegum könnunum nota yfir 82% íbúa Oslomarka a.m.k. einu sinni á ári og þar af nota 7 % þeirra skógana daglega.

Þann 1. september 2009 gengu í gildi sérstök lög um Oslomarka. Þar eru mörk svæðisins tryggð fyrir komandi kynslóðir og íbúa. Mörkin er ætluð sem ævarandi auðlind til útivistar og lýðheilsu og náttúruþrífunar. Með lögnum er bannað að byggja innan svæðisins nema með sérstökum undanþágum, svo sem vegna aðstöðu fyrir útivist.

50 árum, nema miklu stærri, þá var haldið út í skóg með fyrrverandi framkvæmdastjóra Oslómarka; Jan M. Fredriksen.

Hann útskýrði fyrir okkur tilganginn og markmiðið með borgarskóginum, sem kallast Oslomarken, eða Oslóarmörkin upp á íslensku. Hann útskýrði þá miklu breytingu sem átt hefur sér stað á meðal almennings gagnvart skóginum og lagasetningar til friðunar með það að markmiði að vernda vatnsbúskap svæðisins og tryggja útivist og heilsusamlegt lífni þeirrar tæplega milljónar manna sem búa í Osló. Umfjöllun skógræktarstjórans fyrrverandi var ýtarleg og áhugaverð.

Heimildir:

<http://www.agatunet.no/>
<http://byfjellskogene.no/skogselskapet/>
<http://www.friluftsetaten.oslo.kommune.no>
<http://www.oslomarka.no/>
<http://www.regjeringen.no/nb/dep/md/dok/regpubl/otprp/2008-2009/otprp-nr-23-2008-2009-.html?id=541061>
<http://www.skogfroverket.no>
www.skogmus.no
<http://www.skogselskapet.no/>
<http://www.uib.no/arboretet>